

Leiðbeiningar Fjarskipta hf. um fylgni við samkeppnislög



LEIÐBEININGAR FJARSKIPTA HF.

UM FYLGNI VIÐ SAMKEPPNISLÖG

Efnisyfirlit

1	Samkeppnisstefna Fjarsskipta - leiðbeiningar.....	3
2	Um sátt Fjarsskipta við Samkeppniseftirlitið vegna samruna við 365	4
3	Aðskildar rekstrareiningar	5
3.1	Ljósvararekstur.....	5
3.2	Heildsala Fjarsskipta.....	5
4	Ljósvarasvið - Aðgangur að sjónvarpsefni.....	5
4.1	Aðgangsleið A og B.....	6
4.2	Tímamörk	6
4.3	Framleiðsla á íslensku efni og áframhaldandi rekstur fjölmiðla	7
4.4	Ljósvarasvið - trúnaður og jafnræði í upplýsingagjöf	7
5	Heildsala Fjarsskipta – aðgangur að þjónustu	7
5.1	Verksvið heildsölu Fjarsskipta – almennar kvaðir v/nýrra aðila	7
5.2	IPTV þjónusta Fjarsskipta - Tvær aðgangsleiðir	8
5.2.1	Tímamörk fyrir IPTV þjónustu í heildsölu	8
5.3	Dreifing sjónvarps í opinni dagskrá	9
5.4	Dreifing fyrir útvarp og sjónvarp.....	9
5.5	Jafnræði í aðgangi, trúnaður	10
5.5.1	Jafnræði í aðgangi og upplýsingaflæði.....	10
5.5.2	Trúnaður - heildsala.....	11
6	Sjálfstæði Fjarsskipta.....	11
7	Um form samskipta skv. samkeppnisreglum.....	12
8	Bann við samkeppnishamlandi samningum milli fyrirtækja.....	14
8.1	Almennt um ákvæði 10. gr. samkeppnislaga	14
8.2	Lárétt samráð um verð eða kostnað.....	14
8.3	Lárétt samráð um skilmála.....	15
8.4	Lárétt markaðsskipting.....	16
8.5	Samráð við tilboðsgerð í útboðum	16
8.6	Upplýsingaskipti	16

8.7	Viðbrögð	17
8.8	Lóðrétt samráð	18
9	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	19
9.1	Einkakaupasamningar	20
9.2	Samtvinnun	20
9.3	Viðskiptaneitun.....	21
9.4	Skaðleg undirverðlagning	21
9.5	Samkeppnishamlandi afslættir	22
9.6	Sértæk verðlækkun.....	22
9.7	Verðmismunun	22
9.8	Verðþrýstingur.....	22
10	Eftirlit og endurskoðun	23

1 SAMKEPPNISSTEFNA FJARSKIPTA - LEIÐBEININGAR

Fjarskipti hf. er alhliða fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki. Félagið býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alla meginþætti fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. sjónvarpsþjónustu.

Það er ófrávikjanleg stefna Fjarskipta að haga starfsemi sinni í einu og öllu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og stuðla um leið að heilbrigðri samkeppni á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Fjarskipti líta svo á að sérhver háttsemi innan fyrirtækisins sem fer í bága við ákvæði samkeppnislaga sé skaðleg hagsmunum

Viðurlög við samkeppnislagabrotum geta verið þung og haft mikil áhrif bæði á félagið og einstaka starfsmenn.

Fjarskipti líta svo á að samkeppnislagabrot séu afar skaðleg fyrir félagið:
Samkeppnislagabrot *geta* leitt til

- þungra sekta,
- hárra skaðabótageiðslna,
- persónulegrar refsingar starfsmanna,

Að frátöldum miklum áhrifum á ímynd og trúverðugleika.

Það er á ábyrgð **sérhvers starfsmanns** Fjarskipta að haga háttsemi sinni fyrir hönd félagsins í samræmi við samkeppnisreglur. Allir starfsmenn verða upplýstir um þær samkeppnisreglur sem gilda um félagið og mun stjórn og lykilstarfsmenn undirrita yfirlýsingu m.a. um að viðkomandi muni fylgja sátt sem Fjarskipti gerðu við Samkeppniseftirlitið (SE) í ákvörðun nr. 42/2017 vegna kaupa á tilteknum eignum 365 („sáttin“).

Tilgangur þessara leiðbeininga er tvíþættur:

- annars vegar að útskýra helstu efnisatriði þeirra **samkeppnisreglna** sem hvað mesta þýðingu hafa fyrir starfsemi Fjarskipta,
- hins vegar að útskýra þær reglur sem sérstaklega gilda um Fjarskipti skv. **sátt** við Samkeppniseftirlitið.

Nauðsynlegt er að allir þeir sem koma að starfsemi Fjarskipta séu meðvitaðir um þær reglur sem gilda um félagið að samkeppnisrétti og hvernig þær reglur hafa áhrif á háttsemi fyrirtækisins. Leiðbeiningar þessar eru eingöngu ætlaðar til notkunar innan félagsins.

Eðli málsins samkvæmt geta leiðbeiningarnar þó ekki tekið til allra atriða eða kringumstæðna sem upp kunna að koma í starfsemi félagsins. Fjarskipti mælast til þess að starfsmenn leiti til **aðallögfræðings félagsins** um **ráðgjöf**, séu þeir í vafa um hvort tiltekin háttsemi samræmist samkeppnislögum. Ef grunur leikur á samkeppnislaga broti innan fyrirtækisins, er jafnframt ætlast til þess að viðkomandi láti aðallögfræðing vita, hvort heldur hugsanlegt brot stafar af eigin háttsemi viðkomandi eða annarra starfsmanna fyrirtækisins, eða keppinauta. Aðallögfræðingur annast, f.h. Fjarskipta, samskipti við óháðan kunnáttumann sem skipaður er samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið.

Samkeppnislögin krefjast ekki ásetnings til brota. Það hefur því ekki þýðingu gagnvart lögunum hvort viðkomandi starfsmaður vissi að umrædd háttsemi var ólögæt eða ekki. Því er mjög mikilvægt að starfsmenn þekki helstu efnisreglur samkeppnislaga og leiti ráðgjafar hjá aðallögfræðingi Fjarskipta þegar þeir eru í vafa.

2 UM SÁTT FJARSKIPTA VIÐ SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ VEGNA SAMRUNA VIÐ 365

Í október 2017 undirrituðu Fjarskipti sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa félagsins á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. og undirgekkst félagið þar með tiltekin skilyrði sem hafa það að markmiði að tryggja samkeppni. Aðgerðir samkvæmt sáttinni snúa m.a. að því að:

1. Nýjum og smærri keppinautum sé gert auðveldara að veita Fjarskiptum og öðrum keppinautum samkeppnislegt aðhald.
2. Efla fjölraði og fjölbreytni á sjónvarpsmarkaði.
3. Neytendur njóti eðlilegrar hlutdeildar í þeim ábata sem samrunanum er ætlað að ná fram.
4. Vinna gegn skaðlegum áhrifum sameiginlegs eignarhalds.
5. Vinna gegn hættu á samhæðri hegðun á markaði.

Þannig hvíla **sérstakar kvaðir** á félaginu eftir samrunann, samkvæmt umræddri sátt, auk **almennra reglna** samkeppnislaga. Þá verður m.a. sú breyting við samrunann að Fjarskipti eru í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir áskriftarsjónvarp, auk sterkrar stöðu m.a. á markaði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útvarpsefni. Mikilvægt er að starfsmenn þekki þær skyldur sem hvíla á félaginu. Þá kveður sáttin sérstaklega á um að innleidd sé samkeppnisréttaráætlun fyrir Fjarskipti sem miði m.a. að því að farið sé að sáttinni.

3 AÐSKILDAR REKSTRAREININGAR

3.1 LJÓSVAKAREKSTUR

Samkvæmt sáttinni skal starfrækt **sérstök rekstrareining** innan Fjarskipta sem annast ljósvakarekstur, **Ljósvakasvið**. Ljósvakasvið skal vera bókhalds- og fjárhagslega aðskilið frá öðrum rekstri félagsins en er ekki að vera sérstakur lögaðili. Innan Ljósvakasviðs er allur ljósvakarekstur, einnig rekstur *mikilvægra sjónvarpsrása* (MSR).¹

Eigi sér stað viðskipti milli Ljósvakasviðs annars vegar og annarra deilda Fjarskipta hins vegar um þjónustu sem Fjarskipti bjóða *nýjum aðilum*² skulu þau vera á **viðskiptalegum forsendum** eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Í þessu felst að óheimilt er að mismuna nýjum aðilum í verðlagningu á slíkri þjónustu gagnvart Ljósvakasviði.

3.2 HEILDSALA FJARSKIPTA

Sáttin kveður einnig á um að að heildsala Fjarskipta skuli rekin sem **sérstök eining** innan Fjarskipta og skuli vera aðskilin frá smásölu Fjarskipta, rekstrarlega, stjórnunarlega og bókhaldslega. Sérstakur yfirmaður skal stýra heildsölunni og starfsmenn smásölu skulu ekki sinna verkefnum heildsölu og öfugt. Smásala og heildsala Fjarskipta skulu vera aðskilin með þeim hætti að hvort svið/eining um sig sé sjálfstæð og aðskilin í daglegri stjórnun og með aðgangsstýringu að upplýsingakerfum fyrir hvort svið/einingu um sig. Reikningshald vegna einingarinnar skal vera sjálfstætt og reikningsskil í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga.

Heildsala Fjarskipta skal ekki starfa á smásölustigi.

4 LJÓSVAKASVIÐ - AÐGANGUR AÐ SJÓNVARPSEFNI

Óski *nýr aðili* eftir því **skal** Ljósvakasvið Fjarskipta selja honum í heildsölu eina eða fleiri sjónvarpsrásir eða pakka með sjónvarpsrásum sem smásölusvið Fjarskipta selur hverju sinni. Þessi skylda miðast við MSR en tekur einnig til ólínulegra þjónustupáttanna sem tengjast MSR, s.s. Tímavél og Frelsi. Fjarskipti munu jafnframt leitast við að bjóða nýjum aðilum upp á fjölbreytt úrval annarra sjónvarpsrása (þ.e. utan MSR).

¹ MSR er í sáttinni skilgreind sem rásir þar sem sýnt er sjónvarpsefni sem neytendur telja sérstaklega eftirsóknarvert. Í dag eru þetta Stöð2, Stöð2Sport og fylgirásir, og Golfstöðin.

² Í samkeppnisáætlun þessari er vísað til „nýrra aðila“ í þeirri merkingu sem sett er fram í sáttinni. Samkvæmt sáttinni er nýr aðili fyrirtæki sem bauð ekki upp á pakka eða vöndla af fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu á þeim tíma er sáttin var undirrituð. Einnig falla hér undir ný fyrirtæki sem ekki höfðu áður veitt fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og eru ekki undir yfirráðum fyrirtækja sem veitt hafa slíka þjónustu

4.1 AÐGANGSLEIÐ A OG B

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að *nýr aðili* semji við Fjarskipti frá grunni, þ.e. **Aðgang sleið A. Heildsöluverð** sem nýjum aðilum býðst á sjónvarpsrásum Fjarskipta skal a.m.k. ekki vera herra en það heildsöluverð sem smásöluvið Fjarskipta greiðir fyrir aðgang að MSR. Heildsöluverðlagning skal stuðla að því að nýr aðili geti boðið MSR (sem hluta af pakka/vöndli) með samkeppnishæfum og arðsömum hætti og að ekki sé hætta á verðþrýstingi³ (e. *margin squeeze*). Mikilvægt er að nýir aðilar geti veitt Fjarskiptum og öðrum keppinautum raunverulegt aðhald í sölu á þökkum sem innihalda fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu.

Í heildsöluverði fyrir mikilvægar sjónvarpsrásir **má ekki gera ráð fyrir við þjónustu sem nýr aðili óskar ekki eftir**, s.s. dreifingu. Ekki mega vera ákvæði í samningunum sem beint eða óbeint hafa áhrif á dreifingarmáta stöðvanna, s.s. í gegnum OTT lausnir eða önnur IPTV kerfi en kerfi Fjarskipta. Er það gert til þess að tryggja að nýir aðilar geti nýtt sér OTT netlausnir við dreifingu á sjónvarpsefni, ef þeir kjósa. Því eru Fjarskipti skuldbundin til þess að Ljósvaskið bjóði **nýja þjónustu**, MSR án dreifingarkostnaðar, fyrir 1. júní 2018 (OTT-leið).

Þá mega ekki heldur vera í samningum um MSR rásir samvinnunar- eða einkakaupaákvæði sem takmarki möguleika nýrra aðila á markaðnum. Þannig er Fjarskiptum óheimilt að gera það að skilyrði að nýir aðilar kaupi ekki sjónvarpsrásir eða aðra sjónvarpsþjónustu af öðrum aðilum en Fjarskiptum.

Auk framangreindrar Aðgang sleiðar A, er gert ráð fyrir því að nýjum aðila bjóðist að semja við Fjarskipti um aðgang að MSR á sambærilegum grundvelli og gert var í samningi við Hringdu sem undirritaður í aðdraganda þess að samruninn var samþykktur. **Aðgang sleið B.**

4.2 TÍMAMÖRK

Þessi skylda til samninga við nýja aðila gildir í um þrjú ár eða fram í október 2020 og að lágmarki skal bjóða nýjum aðila þriggja ára samning um ofangreindar aðgang sleiðir.⁴ Þessi samningsskylda getur þó fallið niður ef Fjarskipti sýna fram á sannanlegar málefnalegar ástæður, s.s. óskilvísi í greiðslum.

Fjarskipti skal **senda nýjum aðila** samningstilboð eigi síðar en **tíu virkum dögum** frá því að ósk nýs aðila um samning berst og skuldbinda sig til þess að tafir eða tæknileg atriði hindri ekki aðgang nýs aðila að markaðnum.

³ Um verðþrýsting er fjallað í kafla 9.8

⁴ Varðandi OTT leið, þá skal samningur gilda í þrjú ár að lágmarki frá þeim tíma að sú þjónusta er tilbúin til notkunar. Sama gildir um skinnuþjónustu.

4.3 FRAMLEIÐSLA Á ÍSLENSKU EFSNI OG ÁFRAMHALDANDI REKSTUR FJÖLMIÐLA

Fjarskipti eru skuldbundin til að **halda áfram rekstri** þeirra fjölmiðla sem færðust yfir við samrunann næstu þrjú ár eða til 9. október 2020.

Í því felst m.a. áframhaldandi rekstur fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar eða sambærilegra fréttastofa, og kaup og framleiðsla á íslensku efsni. Fjarskipti geta þó gert breytingar á framboði fréttu eða framleiðslu íslensks efnis vegna verulegra utanaðkomandi neikvæðra breytinga á markaðsaðstæðum.

4.4 LJÓSVAKASVIÐ - TRÚNAÐUR OG JAFNRÆÐI Í UPPLÝSINGAGJÖF

Í sáttinni er kveðið á um að Ljósvakasviði sé með öllu óheimilt að miðla til smásölu Fjarskipta hvers konar **viðskiptalegum upplýsingum** sem tengjast rekstri þeirra keppinauta Fjarskipta sem jafnframt eru viðskiptavinir Ljósvakasviðs. Sama skylda á við um önnur svið eða deildir Fjarskipta. Meðal annars mega viðkvæmar upplýsingar um keppinauta Ljósvakasviðs, sem eru viðskiptavinir annarra sviða Fjarskipta, ekki berast til Ljósvakasviðs. Til dæmis getur verið um að ræða ákvarðanir um samkeppnishæðun ljósvakamiðla annarra fyrirtækja sem kaupa dreifingu af Fjarskiptum, t.d. stækkun á útsendingarsvæði.

Þá er kveðið á um að Fjarskipti skuli grípa til viðeigandi skipulagsbreytinga til að tryggja trúnað og innleiða skilvirkar **aðgangsstýringar**. Á þetta m.a. við um tölvukerfi Fjarskipta. Loks er tekið fram að sérstakur **tengiliður** sem skipaður skal samkvæmt sáttinni skuli annast samskipti við nýja aðila. Gengið hefur verið frá starfslýsingu tengiliðar og vísast til hennar.

Jafnframt þarf Ljósvakasvið að gæta að **jafnræði í upplýsingagjöf** til viðskiptaaðila. Sáttin mælir fyrir um að mikilvægar viðskiptalegar upplýsingar frá Ljósvakasviði skuli berast með sama hætti og á sama tíma til annars vegar smásölu Fjarskipta og hins vegar til *nýrra aðila* sem gert hafa samning við Ljósvakasvið samkvæmt sáttinni. Sjá einnig kafla 8.6.

5 HEILDSALA FJARSKIPTA – AÐGANGUR AÐ ÞJÓNUSTU

5.1 VERKSVIÐ HEILDSÖLU FJARSKIPTA – ALMENNAR KVAÐIR V/NÝRRRA AÐILA

Verksvið heildsölu Fjarskipta er

- að selja aðgang að fjarskiptanetum fyrirtækisins
- selja heildsöluaðgang að IPTV
- selja fjölmiðlum (efnisveitum) flutning og dreifingu á efsni, þ.e.
 - UHF sjónvarpsdreifingu í lofti
 - sjónvarpsdreifingu yfir IPTV
 - útvarpsdreifingu

Framangreinda þjónustu **skulu** Fjarskipti selja *nýjum aðilum* en heimilt er að selja öðrum umræddan aðgang á viðskiptalegum forsendum. Skylda til samninga gildir sem fyrr til þriggja ára.

Til að gera nýjum aðila auðveldara að koma inn á markaðinn, geta Fjarskipti veitt aðgang að gagnaflutningi (bitastraumi) í heildsölu á jafnræðisgrundvelli. Það sama á við um talsímaþjónustu og aðra tengda fjarskiptaþjónustu.

Almennt gildir að á heildsölu Fjarskipta hvíla skyldur um hlutlægni og jafnræði, þannig að nýir aðilar eða minni ljósvakamiðlar (sjá nánar kafla 5.4) hljóti sams konar þjónustu (hraði, skilmála, gæði) og félög tengd Fjarskiptum, smásala og Ljósvakasvið Fjarskipta.

5.2 IPTV ÞJÓNUSTA FJARSKIPTA - TVÆR AÐGANGSLEIÐIR

Í samræmi við markmið sáttarinnar mælir hún fyrir um auðveldari aðgang nýrra aðila að sjónvarpsþjónustu Fjarskipta (IPTV). Þannig ber Fjarskiptum að auðvela aðgang nýrra aðila að markaðinum með tveim mismunandi aðgangsleiðum að IPTV þjónustu félagsins:

- a. *Einföld heildsala á sjónvarpi Fjarskipta.* Í einfaldri heildsölu felst heildsala á sjónvarpsrásum í gegnum IPTV-kerfi Fjarskipta þar sem nafn og vörumerki Fjarskipta er á þjónustunni. *Nýr aðili*, sem er viðsemjandi heildsölu Fjarskipta, á í viðskiptasambandi við endanotanda og ber ábyrgð á að afhenda myndlykil og veita þjónustu á fyrsta stigi.
- b. *Heildsala á skinnuþjónustu.* Í slíkri heildsölu felst allt það sama og í einfaldri heildsölu að því undanskildu að í því valmyndakerfi sem er notað á myndlyklum skulu Fjarskipti koma fyrir vörumerki (lógó) viðsemjanda heildsölunnar (*nýs aðila*) þar sem því verður við komið. Fjarskipti tryggja að öll þróun valmyndakerfisins, ný virkni, lagfæringar og viðbætur verði einnig innleiddar samtímis í valmyndakerfi viðsemjanda heildsölunnar.

5.2.1 Tímamörk fyrir IPTV þjónustu í heildsölu

- Fullnægjandi tæknilausn (millilag) til að viðsemjendur heildsölu Fjarskipta geti veitt **fyrsta stigs** þjónustu við viðskiptavinum sína vegna myndlykla og ljósvakamiðla Fjarskipta, skal liggja fyrir **9. janúar 2018**.
- Fjarskipti skuldbundu sig til þess að **hefja** undirbúning að því að geta veitt **skinnuþjónustu**. Komi fram málefnaleg og skuldbindandi ósk um skinnuþjónustu frá nýjum aðila þremur mánuðum eftir undirritun sáttarinnar, skal Fjarskipti veita þjónustuna innan **sex mánaða** frá því slík beiðni er móttækin.
- Skylda til að gera samning um heildsölu á IPTV Fjarskipta fellur úr gildi eigi síðar en þremur árum frá því að Fjarskiptum er fyrst unnt að bjóða skinnuþjónustu.

5.3 DREIFING SJÓNVARPS Í OPINNI DAGSKRÁ

Fjarskipti reka eðli málsins samkvæmt einnig aðrar sjónvarpsrásir en MSR, sem falla utan sáttarinnar. Um þær rásir fer eftir fjölmiðlalögum.

Tekið er fram í sáttinni að Fjarskiptum sé m.a. heimilt að bjóða línulegt innlent dagskrárefni í opinni dagskrá, þ.e. án sérstaks endurgjalds fyrir endanotanda. Óski nýr aðili eftir því að dreifa þessari dagskrá skulu Fjarskipti samkvæmt sáttinni verða við því án ástæðulauss dráttar og óháð dreifingarmáta stöðvanna, s.s. í gegnum OTT lausnir eða önnur IPTV-kerfi en kerfi Fjarskipta, enda uppfylli nýir aðilar með dreifingu sinni málefnaleg skilyrði rétthafa um vernd höfundarréttar.

Fjarskipti skulu ekki breyta röð á fjarstýringu eða notendaviðmóti þannig að það hafi neikvæð áhrif á áhorf hjá öðrum sjónvarpsstöðvum. Fjarskiptum er þó heimilt að láta röð á fjarstýringu og notendaviðmót endurspeglast í verðlagningu fyrir slíka þjónustuþætti á grundvelli útgefinnar gjaldskrár á hverjum tíma.

5.4 DREIFING FYRIR ÚTVARP OG SJÓNVARP

Í sáttinni er mælt fyrir um **almennan heildsöluaðgang** fyrir fjölmiðlaveitur að dreifikerfum Fjarskipta fyrir útvarp og sjónvarp. Um slíkan aðgang gilda reglur um jafnræði og gagnsæi, sjá nánar kafla 5.5.

Einnig er lögð **sérstök kvöð** á Fjarskipti um aðgang að loftnetsdreifikerfinu fyrir opna dagskrá **minni** sjónvarpsstöðva,⁵ sem standa að eigin dagskrágerð með innlendu fréttu og menningarefni.

Skulu slíkar stöðvar njóta kjara, sem endurspeglar stærð þeirra, og forgangs að a.m.k. þremur rásum sem er dreift í ólæstri dagskrá á myndlykli Fjarskipta í 99% landfræðilegri dekkun. Þar af skulu Fjarskipti bjóða sömu aðilum möguleika á a.m.k. einni rás á opnu dreifikerfi fyrirtækisins fyrir sjónvarp sem nær til 99% heimila. Fjarskipti hafa sett **verklaagsreglur** um úthlutun þessara rása á dreifikerfinu sem sérstaklega voru kynntar fyrir óháðum kunnáttumanni og Samkeppniseftirlitinu.

⁵ Samkvæmt sáttinni er með minni sjónvarpsstöð átt við ljósvakamiðil sem er með veltu undir 500 m.kr. á ári, ein sér eða á samstæðugrundvelli, eftir því sem við á.

5.5 JAFNRÆÐI Í AÐGANGI, TRÚNAÐUR

5.5.1 Jafnræði í aðgangi og upplýsingaflæði

Heildsölu Fjarskipta er skylt að gæta **jafnræðis** og **hlutlægni** gagnvart *nýjum aðilum* og *minni ljósvakamiðlum*, sem óska eftir heildsöluþjónustu í samræmi við þá heildsöluvöð sem sett er fram í sáttinni. Í þessu felst m.a. að heildsalan skal tryggja að annars vegar félög tengd Fjarskiptum, smásala og Ljósvakasvið Fjarskipta annars vegar og hins vegar keppinautar Fjarskipta (*nýir aðilar* og *minni ljósvakamiðlar*) fái aðgang og alla nauðsynlega tengda þjónustu með eftirfarandi hætti:

- Aðgangur skal veittur smásölu Fjarskipta og keppinautum hennar með **sömu afgreiðsluferlum, hraða og skilmálum**.
- Aðgangur að fjarskiptakerfum, tæknilausnum og þjónustu skal veittur smásölu Fjarskipta og keppinautum hennar með **sömu gæðum og þjónustustigi**.
- Smásala Fjarskipta og keppinautar hennar skulu hafa **sama aðgang að upplýsingum** um tæknileg og önnur nauðsynleg atriði sem tengjast með eðlilegum hætti fyrirspurnum og beiðnum um aðgang að þjónustu hjá heildsölu Fjarskipta. Á það við um hvers konar mikilvægar viðskiptalegar eða tæknilegar upplýsingar.

Heildsölunni er óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum nema til þess standi sannalegar málefnalegar ástæður.

Þá er lögð skylda á heildsöluna að **upplýsa** alla viðskiptavinum sína um nýjar eða fyrirhugaðar vörur eða þjónustu, breytingar eða áætlanir tengdar núverandi eða fyrirhugaðri þjónustu, á sama tíma og með sama hætti þegar um er að ræða aðgang að þjónustu skv. sáttinni. Tekur þetta m.a. til áforma um uppbyggingu, endurnýjun og breytingu fjarskiptatenginga, viðhald og verulegar viðgerðir á búnaði eða kerfum í beinni eigu Fjarskipta. Skulu framangreindar upplýsingar vera aðgengilegar þessum aðilum á sama tíma og með sama hætti. Að jafnaði skal miða við að upplýsingar sem nauðsynlegt er fyrir viðskiptavin heildsölu Fjarskipta að hafa aðgang að, séu aðgengilegar á þjónustuvef, heimasíðu eða sendar með tölvupósti. Upplýsingaskyldan tekur ekki til nýjunga sem koma til að frumkvæði viðskiptavina heildsölu Fjarskipta, þ.m.t. smásölu Fjarskipta, og eru þróaðar í samstarfi við einstaka viðskiptavinum, fyrr en eftir að hin nýja vara/þjónusta er orðin hluti af almennu vöru- og/eða þjónustuframboði heildsölu Fjarskipta.

Heildsalan skal veita nýjum aðilum og smærri ljósvakamiðlum aðgang

-með sömu ferlum, hraða og skilmálum

-sömu gæðum og þjónustustigi

-að sömu upplýsingum um nauðsynleg atriði tengd aðgangi

og eigin deildum

og skal hafa upplýsingar nauðsynlegar aðgangi aðgengilegar öllum hlutaðeigandi

5.5.2 Trúnaður - heildsala

Sérstaklega er mælt fyrir um vernd trúnaðarupplýsingar og aðgangsstýringar á milli annars vegar smásölu og hins vegar heildsölu Fjarskipta. Samkvæmt sáttinni skulu Fjarskipti tryggja með öllum nauðsynlegum aðgerðum að **trúnaðarupplýsingar** sem heildsala Fjarskipta býr yfir um einstaka endanotendur berist ekki til annarra viðskiptavina heildsölnunnar, þar á meðal smásölu Fjarskipta. Fjarskipti skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina heildsölu Fjarskipta. Í því felst m.a. að sömu starfsmenn og undirmenn þeirra starfi ekki samtímis fyrir heildsölu og smásölu fyrirtækisins. Í þessu skyni skal Fjarskipti gæta þess að fullnægjandi **aðgangsstýringar** séu fyrir hendi þannig að aðgangur að tölvukerfum heildsölu sé aðgangsstýrður. Virkt **eftirlit** skal haft með notkun kerfa og gagna hjá heildsölu Fjarskipta.

Aðgangur að upplýsingum hjá heildsölu Fjarskipta, sem varða rekstur eða viðskipti hennar sem og aðrar upplýsingar sem rétt og eðlilegt er að leynt fari, skal vera starfsmönnum smásölu Fjarskipta með öllu lokaður. Starfsmenn tæknisviðs Fjarskipta og tæknimenn á Ljósvakasviði geta eftir atvikum þurft aðgang að upplýsingum bæði smásölu og heildsölu og skal slíkur aðgangur vera veittur með rekjanlegum hætti þannig að unnt sé að greina hvaða starfsmaður hefur viðkomandi aðgang og hvaða upplýsingar viðkomandi hefur aðgang að.

Til stuðnings framangreindri trúnaðarskyldu skulu einn eða fleiri starfsmenn heildsölu Fjarskipta tilnefndir sem **tengiliður** við *nýja aðila* og *fjölmiðlaveitur*. Hlutverk tengiliðar er að annast samskipti við nýja aðila og fjölmiðlaveitur sem óska eftir aðgangi sem mælt er fyrir um í sáttinni. Þá er það einnig hlutverk hans að semja við nýja aðila (t.d. um aðgang að MSR eða IPTV) að höfðu eðlilegu viðskiptalegu samráði við viðkomandi deild Fjarskipta. Fjarskipti hafa útbúið starfslýsingu fyrir tengilið.

6 SJÁLFSTÆÐI FJARSKIPTA

Í ákvörðun samkeppnisyfirvalda kemur fram að hluthafar Fjarskipta og Símans séu að miklu leyti sömu innlendu fagfjárfestarnir og fjórir stærstu hluthafarnir í báðum félögunum séu þeir sömu. Lífeyrissjóður verslunarmanna sé stærsti hluthafi Símans með 12,47% hlut og annar stærsti hluthafi Fjarskipta með 11,82% eignarhlut. Gildi sé annar stærsti hluthafi Símans með 9,10% eignarhlut og stærsti hluthafi Fjarskipta með 13,25%. LSR-A og Stapi séu svo þriðju og fjórðu stærstu hluthafarnir í báðum félögunum. Þannig séu umtalsverð eignatengsl á milli þessara tveggja stærstu aðila á íslenskum fjarskiptamarkaði sem þurfi að bregðast við.

Í þessu samhengi undirgengust Fjarskipti skilyrði sem ætlað er að tryggja sjálfstæði félagsins betur en ella

- um **samkeppnislegt sjálfstæði** stjórnar og lykilstarfsmanna⁶
- og varðandi **eignarhluti í keppinautum**

Í því skyni að tryggja **samkeppnislegt sjálfstæði** stjórnar og lykilstarfsmanna fyrirtækisins skulu stjórnarmenn og lykilstarfsmenn Fjarskipta ekki vera tengdir keppinautum fyrirtækisins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eigið eignarhald. Hið sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Þá skulu aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum keppinauta Fjarskipta ekki sitja í stjórn Fjarskipta.

Varðandi eignarhluti hluthafa í keppinautum ber Fjarskiptum einnig að tryggja að eignarhlutir hluthafa Fjarskipta raski ekki samkeppni. Samkvæmt sáttinni skulu Fjarskipti tryggja eftir því sem kostur er að hagsmunir, sem kunna að leiða af eignarhlutum hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum félagsins, hafi ekki áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi rekstur Fjarskipta og hegðun á markaði. Er athygli stjórnarmanna og lykilstarfsmanna sérstaklega vakin á þessu og er þetta atriði tekið fram í undirrituðum yfirlýsingum þeirra.

Stjórn og lykilstarfsmenn Fjarskipta skulu haga samskiptum sínum við hluthafa félagsins með þeim hætti að ekki skapist hætta á að samkeppni sé raskað. M.a. skal tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum Fjarskipta. Til álita kemur að kveða nánar á um þetta atriði í starfsreglum stjórnar.

7 UM FORM SAMSKIPTA SKV. SAMKEPPNISREGLUM

Auk þeirra sérstöku skyldna sem hvíla á Fjarskiptum samkvæmt sáttinni, og reifaðar hafa verið hér að framan, gilda almennar reglur samkeppnislaga um starfsemi og markaðshegðun Fjarskipta. Þær reglur samkeppnislaga nr. 44/2005 sem hafa mesta þýðingu fyrir starfsemi Fjarskipta eru þessar:

- 1. Regla 10. gr. samkeppnislaga sem bannar skaðlegt samráð milli fyrirtækja**
- 2. Regla 11. gr. samkeppnislaga sem mælir fyrir um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu**

Stjórnendum og starfsmönnum Fjarskipta ber að hafa í huga að samkeppnislög gera ekki kröfu um sérstakt form samskipta/samninga sem heyra undir lögin, hvort heldur varðar almennar samkeppnisreglur eða þær reglur sem sérstaklega hvíla á Fjarskiptum samkvæmt sáttinni.

⁶ Samkvæmt sáttinni er með lykilstarfsmanni átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem telst vera fruminnherji í Fjarskiptum á hverjum tíma.

Þannig þurfa þau samskipti milli fyrirtækja sem koma til skoðunar samkvæmt samkeppnislögum ekki að vera formbundin, heldur geta hvers konar óformleg samskipti komið til skoðunar samkvæmt samkeppnisreglunum. „Samningar“ þurfi hvorki að vera skriflegir né undirritaðir, svo þeir heyri undir lögum, heldur getur hvaða form samskipta sem er talist til samninga samkvæmt lögum.

<p>Form samnings/samskipta skiptir ekki máli</p>	<p>Ólögmat samskipti keppinauta geta t.d. verið í formi:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skriflegs samnings – munnlegs samnings – heiðursmannasamkomulags – ófullgerðs samnings/ekki lagalega bindandi – tölvupósts – símtals – önnur skjöl s.s. memo, upplýs.skipti – umræður á fundi <p>Auk þess má vekja athygli á því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> – aðilar þurfa ekki að virða samkomulag til að það teljist vera fyrir hendi – skiptir ekki máli þótt gildistími samnings er liðinn ef hann er virtur í reynd
---	--

Með vísan til framangreinds gera Fjarskipti þá kröfu til þeirra sem starfa innan félagsins, að gætt sé ákveðinnar **formfestu í samskiptum**, sérstaklega þegar rætt er við keppinauta og eftir atvikum viðskiptaaðila um atriði sem kunna að varða samkeppni. Hafa ber í huga að samskipti, hvort heldur sem er tölvupóstur, minnisblöð eða óformleg samskipti önnur, kunna að vera skoðuð einangrað, án þess að forsaga samskiptanna eða það umhverfi sem þau spretta úr, liggi ljós fyrir þeim sem skoðar.

8 BANN VIÐ SAMKEPPNISHAMLANDI SAMNINGUM MILLI FYRIRTÆKJA

8.1 ALMENNT UM ÁKVÆÐI 10. GR. SAMKEPPNISLAGA

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga leggur bann við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að **komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni sé raskað**. Ákvæði 10. gr. tekur bæði til samkeppnishamlandi samninga eða samskipta á milli keppinauta (*láréttar* samkeppnishömlur) og á milli fyrirtækja á sitt hvoru sölustiginu (*lóðréttar* samkeppnishömlur).

Láréttar samkeppnishömlur eru litnar hvað alvarlegustum augum innan samkeppnisréttarins. Því verða fyrirtæki almennt að stíga sérstaklega varlega til jarðar hvað varðar öll samskipti við keppinauta, hvar sem þau fara fram.

Varðandi **efni** þeirra samskipta sem brotið geta 10. gr. þá er ljóst að það verður ekki tæmandi talið. Hér á eftir verður þó reynt að gera grein fyrir helstu áhættuþáttum Fjarskipta að þessu leyti, miðað við starfsemi félagsins.

Í stuttu máli má segja að öll samskipti **keppinauta** sem hafa áhrif á **viðskiptalegt sjálfstæði** þeirra geti komið til alvarlegrar skoðunar skv. 10. gr. samkeppnislaga, en það er grundvallaratriði samkeppnislaganna að sjálfstæðir keppinautar taki sínar viðskiptalegu ákvarðanir út frá eigin forsendum fyrirtækisins, án vitneskju um viðbrögð eða útspil keppinautarins. Þannig er sjálfstæði keppinauta lykilatriði og fyrirtæki þurfa að ákveða sjálfstætt hvernig þau hegða sér á markaði, hvernig þau verðleggja vörur sínar og þjónustu, hvaða þjónustu þau bjóða og með hvaða skilmálum.

Sem dæmi um lárétt samráð eða samskipti, sem verða að teljast óheimil milli keppinauta, og gætu bakað Fjarskiptum ábyrgð, má nefna eftirfarandi atriði sem tiltekin eru í köflum 8.2-8.9.

Taka skal fram að falli samstarf undir bannreglu 10. gr. samkeppnislaga geta verið fyrir hendi möguleikar á **undanþágu** Samkeppniseftirlitsins. Á það við ef jákvæð áhrif samstarfsins þykja vega þyngra en sú röskun á samkeppni sem af samstarfinu leiðir.

8.2 LÁRÉTT SAMRÁÐ UM VERÐ EÐA KOSTNAÐ

Fjarskipti geta brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að taka þátt í samskiptum við keppinauta sem hefur áhrif á verð. Það er grundvallaratriði að sérhvert sjálfstætt fyrirtæki ákveði sjálft verð sín og skilmála þjónustu sinnar. Þannig verður sérhvert fyrirtæki að ákveða það sjálft, út frá eigin viðskiptalegu forsendum gegn hvaða verði það selur vöru sína eða veitir þjónustu sína.

Samráð um *verð eða verðstefnu*, hvort heldur sem er innkaupsverð til birgja eða endanlegt verð til neytenda eða tiltekna kostnaðarliði sem áhrif hafa á verðmyndun, er almennt talið fela í sér alvarlegt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Gildir þá einu hvort samráðið miðar að verðhækkun, verðlækkun eða að því að verð standi í stað.

Verðsamráð getur tekið á sig ýmsar myndir og getur m.a. falist í því:

- að hafa beint samráð um ákvörðun verðs eða verðstefnu
- að sammælast um afslætti eða verðhækkanir
- að sammælast um lágmarksverð, hámarksverð eða verðbil
- að sammælast um að auglýsa ekki verð
- að eiga upplýsingaskipti um verð eða (fyrirhugaðar) verðbreytingar
- að eiga upplýsingaskipti um kostnaðargrunn eða verðútreikninga

Varðandi samvinnu sem tengist *kostnaði* er rétt að taka fram að samræming á kostnaðarþáttum getur fallið undir verðsamráð í skilningi samkeppnislaganna. Fjarskiptum er óheimilt að taka þátt í umræðum eða aðgerðum sem geta leitt til samræmingar á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í starfsemi félagsins, þ.m.t. kostnaðarþáttum. Í þessu felst m.a. bann við:

- Sameiginlegu mati eða útreikningum á því hvaða áhrif breytingar í rekstrarumhverfi geta haft á kostnað eða verðlagningu þeirra, þannig að leitt geti til samræmingar á verðlagningu eða öðrum samkeppnisþáttum. Ekki síst ber að gæta að slíkum samskiptum innan atvinnugreinasamtaka.
- Gerð hvers konar kostnaðargrunna sem varða starfsemi fyrirtækja.
-

8.3 LÁRÉTT SAMRÁÐ UM SKILMÁLA

Þátttaka Fjarskipta í **samræmingu skilmála** getur jafnframt falið í sér sjálfstætt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Sérhvert fyrirtæki verður að taka ákvörðun um það sjálfstætt og án samskipta við keppinauta sína hvaða þjónustu það veitir/veitir ekki og hverjir skilmálar þeirrar þjónustu eru. Fulltrúar keppinauta mega ekki sammælast um það hversu víðtæk tiltekin þjónusta skuli vera, né heldur hvort tekið sé gjald fyrir tiltekna þjónustuliði. Hafa ber í huga að samkeppni felst ekki eingöngu í verði á seldum vörum/þjónustu, heldur einnig umfang þjónustunnar sem fyrirtæki veita eða þjónustustig.

Þannig er Fjarskiptum óheimilt að taka þátt í

- samræmingu skilmála sem gilda í viðskiptum milli fyrirtækja
- samræmingu viðskiptaskilmála gagnvart neytendum um atriði þar sem samkeppni getur ríkt

8.4 LÁRÉTT MARKAÐSSKIPTING

Markaðsskipting er ekki síður álitin alvarleg takmörkun á samkeppni en verðsamráð. Lárétt markaðsskipting getur tekið til samkomulags milli keppinauta um að skipta á milli sín **viðskiptavinum** eða t.d. **landsvæðum** eða tiltekinni **tegund þjónustu**. Keppinautum er óheimilt með öllu að gera slíkt samkomulag sín á milli, t.d. um að fyrirtækin leggi áherslur á tiltekin landsvæði, tegund viðskiptavina eða þjónustu.

8.5 SAMRÁÐ VIÐ TILBOÐSGERÐ Í ÚTBOÐUM

Keppinautum á fjarskiptamarkaði er, eins og öðrum, með öllu bannað að hafa samráð um gerð tilboða, hvort sem óskað er eftir þeim í útboðum eða með óformlegum hætti. Til samráðs getur talist að koma sér saman **um verð, hver skuli bjóða** í verkið eða jafnvel samráð um mismunandi verð með samkomulagi um það **hver skuli fá** viðskiptin. Þá geta fyrirtæki ekki heldur staðið sameiginlega að útboði á vörum eða þjónustu eða óskað sameiginlega tilboða án heimildar frá Samkeppniseftirlitinu.

8.6 UPPLÝSINGASKIPTI

Upplýsingaskipti af ýmsu tagi eru hagkvæm og hvetja til virkrar samkeppni, t.d. um nýjungar í tækni, öryggismál o.fl. Varðandi upplýsingaskipti keppinauta þarf þó að hafa í huga þá meginreglu að að sérhvert fyrirtæki verður að taka ákvarðanir um sína markaðshegðun út frá eigin forsendum og ætluðum viðbrögðum keppinauta miðað við þær upplýsingar um markaðinn sem almennt liggja fyrir á markaði.

Upplýsingaskipti sem eru til þess fallin að skapa samkeppnisskilyrði, sem eru ólík eðlilegum samkeppnisskilyrðum á viðkomandi markaði, geta falið í sér brot gegn samkeppnislögum, ekki síst á fákeppnismarkaði. Það er ekki auðvelt að gefa skýrar reglur um mörk heimilla og óheimilla upplýsingaskipta en draga má upp helstu sjónarmið á eftirfarandi hátt:

Fjarskipti mega t.d. EKKI skiptast á upplýsingum við keppinauta um:

Verð

- verð einstakra fyrirtækja á markaði á vöru/þjónustu
- verðstefnu, álagningu eða viðskiptakjör

Sölu

- viðskiptaaðila fyrirtækisins
- sölu eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja (nema sögulegt)
- framtíðaráætlanir Fjarskipta eða viðskiptaaðila fyrirtækisins
- viðskiptaáætlanir eða viðskiptaþróun

Kostnað

- verð/viðskiptakjör á aðföngum
- tillögur um að velta nánar tilgreindum kostnaði yfir á viðskiptavini
- atriði sem veita innsýn inn í kostnað Fjarskipta eða viðskiptaaðila þess

Löggjöf

- tillögur um viðbrögð við lagabreytingum, í þeim tilvikum að lögin veita valfrelsi um samkeppnisþætti

Taka skal fram að þó svo að minni hættu sé á því að upplýsingaskipti séu ólögð ef gögnin sem skipst er á teljast opinber gögn, þá er ekki óhætt að líta svo á að skipti eða umræða um öll opinber gögn sé heimil. Þegar vafi leikur á um lögmæti upplýsingaskipta ber að ráðfæra sig við aðallögfræðing Fjarskipta.⁷

Í sáttinni er lögð áhersla á að bæði Ljósvakasvið Fjarskipta og heildsölusviðið miðli mikilvægum upplýsingum samtímis til allra sem í hlut eiga. Þannig er mælt fyrir um að mikilvægar viðskiptalegar upplýsingar frá Ljósvakasviði skuli berast með sama hætti og sama tíma til annars vegar smásölu Fjarskipta og hins vegar til nýrra aðila. Ljósvakasviði og eftir atvikum heildsölu Fjarskipta er með öllu óheimilt að miðla til smásölu Fjarskipta hvers konar viðskiptalegum upplýsingum sem tengjast rekstri þeirra keppinauta Fjarskipta sem jafnframt eru viðskiptavinir Ljósvakasviðs. Sama á við um önnur svið eða deildir Fjarskipta sem búa yfir slíkum upplýsingum. Smásölu Fjarskipta er óheimilt að óska eftir eða nýta sér slíkar upplýsingar.

Þá er heildsölu Fjarskipta jafnframt samkvæmt sáttinni óheimilt að greina smásölu Fjarskipta frá fyrirspurnum eða umsóknum um aðgang núverandi eða mögulegra keppinauta smásölu Fjarskipta að kerfum Fjarskipta eða þjónustu heildsölu Fjarskipta. Hið sama gildir um hvers konar aðrar upplýsingar sem heildsala Fjarskipta býr yfir og geta gefið til kynna fyrirætlanir og starfsemi keppinauta smásölu Fjarskipta.

Þá er lögð skylda á heildsöluna að **upplýsa** alla viðskiptavinum sína um nýjar eða fyrirhugaðar vörur eða þjónustu, breytingar eða áætlanir tengdar núverandi eða fyrirhugaðri þjónustu, á sama tíma og með sama hætti þegar um er að ræða aðgang að þjónustu skv. sáttinni. Sjá nánar kafla 5.5.1.

8.7 VIÐBRÖGD

Sérstök sönnunarsjónarmið innan samkeppnisréttarins leiða til þess að ef fyrir liggur sönnun um samskipti keppinauta um verð eða aðra samkeppnisþætti, þá flyst sönnunarbyrði fljótt yfir á þau fyrirtæki sem eiga í hlut. Þau þurfa þá að sanna að *ekki* hafi verið um ólögð samráð að ræða. Þessi sjónarmið leiða jafnframt til þess að verði starfsmenn Fjarskipta sem verða þess varir að ræða eigi viðkvæm málefni meðal keppinauta, sem kunni að fara gegn samkeppnislögum, þá er mikilvægt að **stöðva** slík samskipti þegar í stað og **tryggja sönnun** fyrir því að Fjarskipti hafi stöðvað samskiptin og ekki tekið þátt í samráði eða ólögðætu athæfi.

⁷ Um nánari afmörkun á mörkum heimilla/óheimilla upplýsingaskipta má vísa til leiðbeininga Evrópusambandsins: „Guidelines on the applicability of Article 101 of the Treaty on the Functioning of the European Union to horizontal co-operation agreements“ (2011/C 11/01).

Verði stafráttur þess var að samskipti eigi sér stað sem kunna að fara gegn samkeppnislögum, (hvort heldur sem er í tölvupósti, símtali, á fundi eða með öðrum hætti) ber starfsmanni að stöðva samskiptin með sannanlegum hætti og taka fram að samskiptin kunni að fara gegn samkeppnislögum.

Sérhver starfsmaður ber ábyrgð á því að bregðast á réttan hátt við slíkum aðstæðum, að meginstefnu í samráði við aðallögfræðing Fjarskipta.

8.8 LÓÐRÉTT SAMRÁÐ

Um lóðrétt samninga er að ræða þegar þeir eru gerðir á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja sem starfa ekki á sama framleiðslu- eða dreifingarstigi þegar litið er til efnisatriða samningsins, svo sem milli heildsölu Fjarskipta og viðskiptavina hennar.

Dæmi um tegundir lóðréttra ákvæða

- Hámarks-/leiðbeinandi endursöluverð
- Fast/lágmarks endursöluverð
- Einkakaupasamningar (Single branding)

Meginreglan er sú að birgir (t.d. heildsala Fjarskipta) má ekki taka þátt í ákvörðun um endursöluverð smásala, smásalinn má ekki heldur semja við birginn um álagningu smásalans. Endursöluverðið og álagning verða almennt að vera alfarið á valdi smásalans. Leiðbeinandi smásöluverð er þó ekki bannað fyrirvaralaust.

Það telst lóðrétt samráð í skilningi samkeppnislaga, þegar birgir og endurseljandi taka sig saman um að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti. Frumkvæði að slíku lóðréttu verðsamráði getur hvort heldur sem er komið frá framleiðanda (birgi) eða endursöluaðila.

Sérstakar reglur gilda um verðákvæði í lóðréttu samningssambandi, ef endurseljandinn telst vera umboðsmaður (e. commercial agent) í skilningi samkeppnisréttarins. Til þess að viðskiptaaðili Fjarskipta geti talist umboðsmaður félagsins, þarf viðskiptaaðilinn að vera því sem næst laus við alla áhættu af viðskiptunum.⁸

Samstarf í markaðsmálum, t.d. við endurseljanda þjónustu Fjarskipta, er ekki bannað en mikilvægt er að gæta að því í slíku samstarfi að í því felist ekki lóðrétt samráð um verð.

⁸ Um stöðu umboðsmanna er nánar fjallað um í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um lóðréttar takmarkanir: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32000Y1013\(01\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32000Y1013(01)&from=EN)

Eftirfarandi er talið falla undir lóðrétt samráð skv. ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.

- *Samráð um tiltekið endursöluverð.*
- *Samráð um lágmarks endursöluverð.*
- *Samráð um takmörkun á afslætti.*
- *Samráð um að afsláttur sé háður sölu vöru á ákveðnu verðbili.*
- *Samráð um að tengja endursöluverð við söluverð keppinauta.*
- *Samráð um álagningu eða framlegð endurseljandans.*
- *Samráð um álagningu eða framlegð framleiðandans/heildsalans.*

9 MISNOTKUN Á MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU

Samkvæmt ákvæði 11. gr. samkeppnislaga er misnotkun á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Skilyrði þess að brotið sé gegn ákvæðinu eru að um sé að ræða fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu og að sú staða hafi verið misnotuð.

Í því skyni að meta hvort að fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu þarf að skilgreina viðkomandi markað. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé þegar fyrirtæki hafi þannig efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Eftirfarandi atriði gefa í skyn að fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu:

Markaðshlutdeild :

- Ef markaðshlutdeild er minni en 30% þá er markaðsráðandi staða mjög ólíkleg.
- Ef markaðshlutdeild er milli 30-40% þá er markaðsráðandi staða möguleg í vissum tilvikum.

Við mat á markaðsráðandi stöðu er jafnframt litið til skipulags markaðarins og eftirfarandi atriði skoðuð:

- Aðgangshindranir að markaðnum
- Fjöldi og styrkur keppinauta
- Fjárhagslegur styrkleiki viðkomandi fyrirtækis
- Lóðrétt samþætting
- Tæknilegt forskot
- Kaupendastyrkur

Bent er á að fyrirtæki geta jafnframt verið sameiginlega í markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt sáttinni eru Fjarskipti í það sterkri stöðu á tilteknum mörkuðum að líkur eru á markaðsráðandi stöðu. Rétt er því að Fjarskipti hafi til viðmiðunar reglur 11. gr. samkeppnislaga, en auk þess er sérstaklega mælt fyrir um tiltekna hegðun í sáttinni sjálfri.

Það er ekki bannað að vera í markaðsráðandi stöðu samkvæmt samkeppnislögum en 11. gr. samkeppnislaga leggur bann við misnotkun slíkrar stöðu. Af þeim sökum verða fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu sérstaklega að gæta að hegðun sinni á markaðnum. Þannig hvíla sérstakur skyldur á fyrirtækjum sem eru í markaðsráðandi stöðu, m.a. Fjarskiptum, og ólíkar reglur gilda um þau en smærri aðila á markaðinum.

Eftirfarandi eru **dæmi** um hegðun sem fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu má ekki viðhafa vegna stöðu sinnar:

9.1 EINKAKAUPASAMNINGAR

Markaðsráðandi fyrirtæki má ekki skuldbinda kaupanda til að kaupa alla þjónustu eða vörur tiltekinnar tegundar eða stóran hluta þess sem hann þarfnast (m.v. 80%) af hinu markaðsráðandi fyrirtæki. Í þessu samhengi skiptir ekki máli þó að samningurinn hafi verið gerður að beiðni viðsemjandans. Slík háttsemi af hálfu fyrirtækis í markaðsráðandi stöðu er almennt talin ólögmat þar sem hún getur verið til þess fallin að útiloka eða takmarka verulega samkeppni frá nýjum eða minni keppinautum um viðskiptin.

Almennt séð er langur gildistími einkakaupasamninga talinn auka á skaðleg áhrif samnings. Það athugast þó að langtímasölusamningar geta verið réttlætanlegir vegna mikilla fjárfestinga tengdum tilteknum viðskiptavini.

Samkvæmt sáttinni ber Fjarskiptum að tryggja að samningar við nýja aðila innihaldi ekki einkakaupaákvæði sem hamla viðkomandi að bjóða upp á sjónvarpsrásir frá öðrum rétthöfum eða heildsölum til sinna viðskiptavina.

9.2 SAMTVINNUN

Um samtvinnun er að ræða þegar seljandi vöru A, sem er markaðsráðandi fyrir sölu á vöru A, reynir að þvinga kaupanda til að kaupa einnig vöru B. Með samtvinnun gerir fyrirtækið það að skilyrði að til þess að kaupa vöru A verði einnig að kaupa vöru B, sem hefur engin tengsl við vöru A. Þetta á við þegar um tvær mismunandi vörur er að ræða, en ekki mismunandi hluta einnar vöru, sem tengjast ekki vegna eðli þeirra eða viðskiptavenju. Almennt er samtvinnun markaðsráðandi aðila talin hindra samkeppni þar sem kaupandi á ekki kost á að leita leiða til að kaupa vöru B af öðrum á hagstæðara verði.

Í sáttinni er sérstaklega fjallað um bann við samtvinnun á þjónustu. Þannig mega Fjarskipti ekki:

- gera að skilyrði að fyrir kaupum á fjarskiptaþjónustu að mikilvægar sjónvarpsrásir skuli fylgja með.
- tvinna saman sölu fjarskiptaþjónustu og mikilvægar sjónvarpsrásir gegn verði eða viðskiptakjörum sem jafna má til slíks skilyrðis.
- gera það að skilyrði að nýr aðili kaupi einnig aðra þjónustu en sjónvarpsrásir eða pakka með sjónvarpsrásum af Fjarskiptum, t.d. dreifingu í gegnum IPTV sjónvarpskerfi Fjarskipta.
- Fjarskipti skulu tryggja að í samningum um heildsölu á mikilvægum sjónvarpsrásum (og eftir atvikum á öðrum sjónvarpsrásum eða sjónvarpspökkum Fjarskipta) verði ekki að finna samtvinnunarákvæði sem takmarki möguleika nýrra aðila til þess að kaupa einstakar sjónvarpsrásir eða pakka með sjónvarpsrásum af félaginu.

Auk sérgreindra reglna sáttarinnar þurfa Fjarskipti að hafa í huga almennar reglur um samtvinnun markaðsráðandi fyrirtækja. Leita þarf ráðgjafar aðallögfræðings Fjarskipta ef vafi leikur á um þetta atriði í einstökum tilvikum.

9.3 VIÐSKIPTANEITUN

Fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu getur hafnað viðskiptum á málefnalegum forsendum. Höfnun sem ekki byggist á málefnalegum forsendum getur hins vegar verið raskað samkeppni og í ákveðnum tilvikum falið í sér misnotkun. Þá geta ósanngjarnir skilmálar jafnframt falið í sér höfnun. Munur getur verið á því hvort um fyrirliggjandi eða nýjan viðskiptavin er að ræða.

Í sáttinni er lögð sérstök skylda á Fjarskipti til viðskipta við nýja aðila og eftir atvikum smærri fjölmiðlaveitur um tiltekin viðskipti. Að öðru leyti gilda almennar reglur um þetta atriði. Leita ber ráðgjafar hjá aðallögfræðingi Fjarskipta ef vafi leikur á um þetta atriði.

9.4 SKAÐLEG UNDIRVERÐLAGNING

Verðákvarðanir fyrirtækis í markaðsráðandi stöðu geta talist fela í sér skaðlega undirverðlagningu. Við mat á því hvort um skaðlega undirverðlagningu sé að ræða skiptir kostnaður miklu máli en flókið getur verið og erfitt að greina kostnað. Verðlagning undir meðaltali breytilegs kostnaðar telst yfirleitt fela í sér brot en verðlagning yfir meðaltals breytilegum kostnaði en undir meðaltals heildarkostnaði getur verið brot ef meira kemur til.

9.5 SAMKEPPNISHAMLANDI AFSLÆTTIR

Það getur verið ólöglegt af hálfu fyrirtækis í markaðsráðandi stöðu að bjóða tryggðarafslætti. Slíkum afsláttum er ætlað að tryggja að kaupendur haldi sig við einn seljanda. Þannig eru afslættirnir háðir því að kaupandi uppfylli þörf sína fyrir vöruna (eða um 80% af henni) með viðskiptum við hið markaðsráðandi fyrirtæki. Tryggðarafslættir geta þó hugsanlega verið heimilir ef kostnaðarlegt hagræði er grundvöllur afsláttanna.

Þá eru markmiðsafslættir jafnframt af sama meiddi. Í þeim felst til dæmis að veittur er verulegur afsláttur ef kaupandi nær ákveðinni veltu í innkaupum frá seljanda.

9.6 SÉRTÆK VERÐLÆKKUN

Það getur verið ólöglegt af hálfu fyrirtækis í markaðsráðandi stöðu að beita sértækri verðlækkun. Um er að ræða sértæka verðlækkun þegar hún beinist að viðskiptavinum keppinautanna en tekur ekki almennt til viðskiptavina hins markaðsráðandi fyrirtækis. Sértæk verðlækkun þarf ekki að vera undir kostnaðarviðmiðum til þess að teljast ólöglegt.

9.7 VERÐMISMUNUN

Verðmismunun getur falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Verðmismunun á sér stað þegar sama vara/þjónusta er seld á mismunandi verði til viðskiptavina hins markaðsráðandi fyrirtækis.

Verðmismunun er ólöglegt ef viðskiptaaðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt. Markaðsráðandi fyrirtæki hefur þó vissar heimildir til að mæta samkeppni og til þess að verleggja í samræmi við lægri kostnað af tilteknum viðskiptum.

Í sáttinni er sérstaklega tekið fram að heildsölu Fjarskipta sé óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum nema það byggi á sannanlega málefnalegum ástæðum.

9.8 VERÐÞRÝSTINGUR

Þegar verðþrýstingi er beitt sem er til þess fallinn að raska samkeppni getur verið um misnotkun á markaðsráðandi stöðu að ræða. Staðan kemur upp þegar fyrirtæki er markaðsráðandi á heildsölustigi og starfar einnig á tengdum markaði á smásölustigi. Hið markaðsráðandi fyrirtæki selur mikilvæg aðföng á heildsölumarkaðinum til annarra fyrirtækja sem nýta þau í starfsemi á smásölumarkaði. Þá er smásöluhluti hins markaðsráðandi fyrirtækis í samkeppni við fyrirtækin sem kaupa af því aðföngin.

Verðþrýstingi er beitt þegar hið markaðsráðandi fyrirtæki selur aðföngin á hærra verði en verðið sem smásöludeild þess greiðir þannig að keppinautur tapi á hverri sölu ætli hann að jafna smásöluverð fyrirtækisins.

Verðþrýstingi er einnig beitt þegar munurinn á heildsölu- og smásöluverði er það lítill að hagnaði keppinautar í smásölu er þrýst niður sem leiðir til þess að hann getur ekki veitt hinu markaðsráðandi fyrirtæki samkeppni til lengri tíma.

Við mat á verðþrýstingi er litið til tekna og kostnaðar hins markaðsráðandi fyrirtækis.

Í sáttinni er sérstaklega kveðið á um að heildsöluverð til *nýrra aðila* skuli a.m.k. ekki vera hærra en það heildsöluverð sem smásölusvið Fjarskipti greiði fyrir aðgang að mikilvægum innlendum sjónvarpsrásum. Heildsöluverðlagning skal stuðla að því að nýr aðili geti boðið mikilvægar innlendar sjónvarpsrásir (sem hluta af pakka/vöndli) með samkeppnishæfum og arðsömum hætti og að ekki sé hætta á verðþrýstingi.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um þetta atriði. Leita ber ráðgjafar hjá aðallögfræðingi Fjarskipta ef vafi leikur á um þetta atriði.

10 EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN

Skylda Fjarskipta til að gera samning við nýjan aðila fellur niður í síðasta lagi að liðnum þremur árum frá því að félaginu var fyrst unnt að bjóða skinnuþjónustu. Önnur ákvæði sáttarinnar eru ekki tímabundin og halda því gildi sínu áfram. Samkeppniseftirlitið skal þó taka skilyrði sáttarinnar til endurskoðunar eigi síðar en 1. september 2020 enda hafi Fjarskipti sett fram rökstudda beiðni um breytingar á skilyrðunum. Þá gilda almennar reglur samkeppnislaga áfram um félagið, sbr. kafla 8 og 9.

Reglur þessarar skulu endurskoðaðar á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti fyrir lok októbermánaðar 2020, með tilliti til nýrrar framkvæmdar samkeppnisyfirvalda, túlkunar samkeppnisreglna eða breyttra áherslna í starfsemi Fjarskipta.

Reglur þessar skulu kynntar starfsfólki Fjarskipta, stjórnarmönnum og þeim aðilum öllum sem taka þátt í starfsemi fyrirtækisins. Þegar nýr einstaklingur tekur sæti í stjórn eða hefur störf skulu Fjarskipti kynna honum reglurnar.

Lagt fram til kynningar í stjórn Fjarskipta 16. febrúar 2018 og staðfest í stjórn Fjarskipta 28. febrúar 2018.